

Samtökin '78
Laugavegi 3
101 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/833
komudagur 6.12.2007

Reykjavk 3.12.2007

Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Samtakanna '78 við töllögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18 2. nóvember 1992

Samtökin '78 fagna framkominni tillögu um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Með því að lögfesta samninginn verður auðveldara að fylgja eftir ákvæðum hans um réttindi barna. Þá má einnig gera því skóna að með lögfestingu hans verði ákvæði samningsins sýnilegri og opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar líti frekar á börn sem virka þjóðfélagsþegna sem leita þurfi ráða hjá, hlusta á og taka tillit til bæði á opinberum vettvangi og innan veggja heimilisins. Það er mat Samtakanna að með því að lögfesta samninginn megi auka öryggi barna og tryggja betur vernd þeirra. Því mæltu Samtökin '78 með því að þingsályktunin verði samþykkt.